

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 163/2024

2024/EES/76/15

frá 5. júlí 2024

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/266 frá 17. janúar 2024 um tilnefningu á tilvísunarmiðstöð Evrópusambandsins fyrir velferð lagardýra í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 ⁽¹⁾.
- Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra, fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra, fóður og matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á I. viðauka við EES-samninginn:

- Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 11bze (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/842) í hluta 1.1 í I. kafla:
„11bzf. **32024 D 0266**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/266 frá 17. janúar 2024 um tilnefningu á tilvísunarmiðstöð Evrópusambandsins fyrir velferð lagardýra í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 (Stjtið. ESB L, 2024/266, 19.1.2024).“
- Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 31qz (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2292) í II. kafla:
„31qza. **32024 D 0266**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/266 frá 17. janúar 2024 um tilnefningu á tilvísunarmiðstöð Evrópusambandsins fyrir velferð lagardýra í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 (Stjtið. ESB L, 2024/266, 19.1.2024).“

2. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 164zf (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1646) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „164zg. **32024 D 0266**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/266 frá 17. janúar 2024 um tilnefningu á tilvísunarmiðstöð Evrópusambandsins fyrir velferð lagardýra í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 (Stjtið. ESB L, 2024/266, 19.1.2024).“

(¹) Stjtið. ESB L, 2024/266, 19.1.2024.

3. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2024/266, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. júlí 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. júlí 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.